

Geysir í HaukadalStærð: 2,2 km²

Sveitarfélag: Bláskógabyggð

Umdæmi: Sýslumaðurinn á Selfossi


Náttúruminjaskrá: 737

Verndartillaga: Náttúruvætti

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands¹ og Umhverfisstofnun²**Mörk:**

Geysissvæðið í Haukadal, ásamt 5 km jaðarsvæði umhverfis.

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.

**Svæðislýsing:**

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta hverasvæði jarðar, enda eitt fárra sem þekkt var í árhundruð. Geysir gefur erlendum hverum nafn, „geyser“, og hverahrúður er á erlendum málum oft kallað „geyserite“. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þekktastir. Marteinslaug er friðlýst sem fornminjar en þar var reist torfsundlaug og var þar sundkennsla fyrir börn í sveitinni fram á síðustu öld. Árið 1894 keypti breskur maður hluta hverasvæðisins og rukkaði hann þá fyrir aðgang að því. Síðar gaf hann vini sínum svæðið. Árið 1935 keypti Sigurður Jónasson landið aftur og gaf það íslensku þjóðinni. Eftir að Geysissvæðið var girt af náði gróðurinn sér og eru þar þekktar yfir 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu til lengri tíma, m.a. á goshegðun Geysis og Stroks.

Fjölsóttur ferðamannastaður



Ljósmynd: Geysir. © Snævarr Guðmundsson

Eignarhald:

Einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun:

Landbúnaður, beit, orlofshús, ferðamennska, útivist.

Röskun, ógnir, úrbætur:

Svæðið er raskað vegna landbúnaðar, orlofshúsa, golfvallar, ferðamennsku og útivistar. Virkjun jarðhita gæti ógnað svæðinu og næsta nágrenni, svo og álag vegna ferðamanna.

Tryggja þarf aðgengi ferðamanna í samræmi við umgengnisreglur. Koma þarf í veg fyrir röskun á hverahrúðri.

Athugasemdir:

Skoða þarf mörk verndarsvæðis vel en tryggja þarf að verndun vatnsbúskapar Geysissvæðisins.

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Geysir í Haukadal frægasta goshverasvæði í Evrópu. Á svæðinu er Mikill fjöldi hvera og lauga af mismunandi gerðum.

Viðföng

Almenn viðmið

	Jarðmyndanir	Vatnafar	Plöntur	Dýr	Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landslag	Víðerni	Menningar- og söguminjar
Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar	•							
Óvenju tegundarík svæði eða viðkvæm fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar	•							
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar	•							
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð	•							
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi.	•							•
Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.	•	•						
Sjónrænt gildi	•	•				•		

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervíggar, eldhraun		Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$		Náttúrulegir birkiskógar
Fossar		Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$		Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	•	Sjávarfitjar og leirur		

Jarðfræði: ^{1,3}	Jarðhitasvæði	Frægasta goshverasvæði í Evrópu. Allt fram á 19. öld voru goshverir óþekkt fyrirbæri utan Íslands. Svæðið á sér langa rannsóknasögu en elstu ritaðar heimildir eru frá 1294 en þá breyttist svæðið mikið í kjölfar jarðskjálfta. Geysissvæðisins er getið í ferðabókum og ferðahandbókum allt frá 17. öld. Laugarfjall er rýllit-innskot. Bjarnarfell er móbergsstapi en rýllit finnst í neðri hluta hans.
	Vatnshverir	Mikill fjöldi hvera og lauga af mismunandi gerð.

Vatnafar: Beiná er lindá og koma volgar lindir fram við hana. Tungufljót er skammt frá og setur svip á landslag.

Aðrar skrár: Hverir og laugar - Ölkeldur og Kaldaverms⁴.

Plöntur:	Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengni	Válisti ⁵	Bernarviðauki	Forsenda verndar
	Laugadepla ³	<i>Veronica anagallis-aquatica</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af >5 fundarstöðum
Vatnsnafli ⁶	<i>Hydrocotyle vulgaris</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af >5 fundarstöðum	
Flóajurt ⁶	<i>Persicaria maculosa</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af >5 fundarstöðum	
Ferlaufungur ⁶	<i>Paris quadrifolia</i>	Háplanta	Sjaldgæf	LR		Einn af >5 fundarstöðum	
Naðurtunga ⁶	<i>Ophioglossum azoricum</i>	Háplanta	Sjaldgæf	LR		Einn af >5 fundarstöðum	
Grámygla ⁶	<i>Filaginella uliginosa</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla				
Fuglaertur ⁶	<i>Lathyrus pratensis</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla				
Brönugrös ³	<i>Dactylorhiza maculata</i>	Háplanta	Algeng			Íslensk ábyrgðartegund	
Friggjargras ³	<i>Platanthera hyperborea</i>	Háplanta	Algeng			Íslensk ábyrgðartegund	
Athugasemdir:	Ferlaufungur er friðlýst plöntutegund sbr. auglýsing nr. 184/1978.						

Heimildir:

¹ Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002.

² Náttúruverndarráð. 1996a.

³ Helgi Torfason og Ingólfur Davíðsson. 1985.

⁴ Sigurður Þórarinnsson. 1978.

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996.

⁶ Hörður Kristinnsson. 2003.